

**Dagskrá stjórnarfundar nr. 12**  
**20. maí 2013 kl. 17:00 á skrifstofu HRFÍ**

**Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir, Björn Ólafsson, Delia Howser, Anna Flygenring, Ólafur E.**

**Jóhannsson og Guðmundur M. Guðmundsson**

**Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri ritar fundinn.**

**1. Aðalfundur HRFÍ 29. maí nk.**

- **Ársreikningar HRFÍ og Ra ehf. – samstæðureikningur**
- **Rekstraráætlun**
- **Ársskýrsla stjórnar**
- **Akureyri:**

Tölvupóstur frá Fanneyju Harðardóttur, formanni Svæðafélagsins á Norðurlandi til framkvæmdastjóra HRFÍ þann 14. maí sl. vegna aðalfundar:

*„Vegna ófyrirsjáanlega orsaka sjáum við okkur ekki fært að halda úti aðalfundi hér eins og stefnt var að. Ýmislegt hefur komið uppá er varðar mannskap, húsnæði, og tíma. Þar sem þetta hefur ekki verið vel sótt af félagsmönnum síðastliðin tvö skipti þykir okkur rétt að hætta við nú í þetta skipti. Við munum senda út auglýsingu um þetta á okkar vef innan tíðar.“*

**2. Grundvallarreglur HRFÍ**

Á stjórnarfundum þann 10. apríl var framkvæmdastjóra falið að fá lögfræðialit á lið 1.3, þegar að reglurnar eru tilbúnar og leggja þær síðan fyrir aðalfund félagsins 29. maí undir liðnum önnur mál. Reglurnar þurfa að liggja frammi á skrifstofu félagsins og birta á vefsíðu til kynningar.

Ingibjörg Björnsdóttir hdl, hjá Embla lögmonnum var fengin í verkið.

**3. Endurskoðaðar veiðiprófsreglur fyrir tegundahóp 7. Tölvupóstur 24. janúar.**

Nefndarmenn, sem yfirfóru reglurnar og sendu þær inn til stjórnar til samþykktar fóru þess á leit við stjórn HRFÍ að formleg umsögn fengist frá dómaraáði og stjórnnum þeirra þriggja deilda, sem eru í tegundahópi 7.

**Umsagnir hafa borist frá:**

**Dómaraáði 10. apríl 2013**

**Stjórnarmönnum þriggja deilda 8. maí 2013.**

Neðangreindir stjórnarmenn fóru yfir reglurnar f.h. deildanna:

Henning Þór Aðalmondsson – FHD

Jón Ásgeir Einarsson – FHD

Þorsteinn Friðriksson – FHD

Kristín Jónasdóttir – FHD

Gunnar R. Pétursson – Vorsteh.

Lárus Eggertsson – Vorsteh.

Guðjón S. Steindórsson – Vorsteh

Guðjón Arinbjörnsson – ÍSD

**Samþykkt, gildistími frá 1. janúar 2014.**

**4. Reglur um Dómaraáð fyrir tegundahóp 7.**

Umsagnir hafa borist frá :

Írsk setterdeild þann 20. janúar 2013.

Vorstehdeild þann 30. janúar 2013.

Fuglahundadeild þann 31. janúar 2013.

Dómaraáði 10. apríl 2013.

Formaður leggur til að þessar tillögur verði lagðar til hliðar. Stjórn HRFÍ tilnefnir fulltrúa í dómara nefndir og setur nefndum starfsreglur. Útbúa skal sambærilega reglugerð um menntun veiðiprófsdómara og gerð var fyrir menntun sýningadómara.

**5. Ársfundir ræktunardeilda og annarra deilda HRFÍ.**

Samkvæmt lögum HRFÍ skulu ræktunardeildir halda ársfund í mars.

Deild/félag	fundur	árskýrsla/rekstrarreikningur
Chihuadeild	4. mars	skilað –
Schnauzerdeild	12. mars	skilað – <b>vantar rekstrarreikning</b>
Schäferdeild	14.mars	skilað
Siberian Huskydeild	1. mars	skilað – <b>vantar rekstrarreikning</b>
Retrieverdeild	23. mars	skilað
Papillon- og phaléneideild	21. mars	skilað
Mjóhundadeild	25. mars	<b>vantar</b>
Shih Tzu deild	27. mars	skilað
Yorkshire terrier deild	28. mars	<b>vantar</b>
Vinnuhundadeild	10. febrúar	skilað
Svæðafélag Norðurlands	12. mars	skilað
Unglingadeild	13. mars	skilað
Íþróttadeild	26. mars	<b>vantar?</b>
DÍF	3. apríl	skilað
Fuglahundadeild	3. apríl	skilað
St. Bernharðsdeild	30.mars	skilað
Cavalierdeild	27.mars	skilað
Tíbet spanieldeild	9. apríl	skilað – <b>vantar rekstrarreikning</b>
Spitzhundadeild		<b>vantar</b>
Smáhundadeild	18. apríl	skilað
Amerísk cocker spanieldeild	28.apríl	skilað
Fjár- og hjarðhundadeild	18.apríl	<b>vantar</b>
Boxerdeild	21.apríl	<b>vantar</b>
Grefil- og sporhundadeild	11.apríl	<b>vantar</b>
Vorstehdeild	11.apríl	<b>vantar</b>

**Neðangreindar deildir hafa ekki haldið ársfund:**

Ensk cocker spanieldeild	
Írsk setterdeild	
PMF deild	<b>beiðni um að leggja deildina niður</b>
Spanieldeild	
Terrierdeild	

**Athuga að breyta upplýsingum/netföngum á vefsíðu HRFÍ við kosningu nýrra stjórnarmanna í deildum.**

**6. Erindi frá Mariu Björg Tamimi – tölvupóstur 4. apríl sl.**

Þetta erindi var tekið fyrir á stjórnarfund 10. apríl sl. Bókun:

„Stjórn ákvað að senda fyrirspurn til FCI vegna mismunar á þessum sýningareglum og skoða málið í framhaldi af því“

Erindið var sent til FCI, sem áframsendi erindið á Leif Herman dómara hjá NKK og forseta FCI Show Commission. Leif finnst okkar túlkun vera harðari en FCI reglurnar, þannig að trúlega þarf að endurskoða orðalagið á íslensku reglunum. Sýningarstjórn HRFÍ mun taka þetta til skoðunar og senda tillögu að breytingu til stjórnar HRFÍ til samþykktar.

**7. Erindi frá íþróttadeild. Tölvupóstur 9. apríl. A-2642**

Samþykkt af stjórn, laga þarf orðalag og stafsetningarvillur fyrir birtingu.

**8. Erindi frá Sigrúnu Baldursdóttur vegna pörunar. Tölvupóstur 11. apríl. A-2643**  
**Neðangreint gildir fyrir Berner Sennenhund í skráningu í ættbók HRFÍ:**

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.2010).

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir frá 01.01.2009). **Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. (Gildir frá 01.01.2010).**

Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir

**SKK: Hund með mjaðmalos af D eða E gráðu á ekki að nota í ræktun. Stjórn getur ekki gefið undanþágu frá þessum kröfum.**

**9. Erindi frá félagsmanni um ákvæði í hundasamþykktum sveitarfélaga. A-2644**  
**Tölvupóstur 11. apríl.**

Samþykkt, bréfið verður útfært betur.

**10. Erindi frá stjórn PMF deild. Tölvupóstur 11. apríl.**

**Lög HRFÍ. VII. Ræktunardeildir**

**23. Félagsfundur HRFÍ getur lagt niður ræktunardeild ef:**

- Ræktunardeild fer skriflega fram á það.
- Ræktunardeild sinnir ekki lögboðinni starfsemi vegna líttillar virkni og fárra meðlima að mati stjórnar HRFÍ.
- Ræktunardeild hefur ekki staðið við skyldur sínar skv. lögum og reglum HRFÍ  
Áður en félagsfundur tekur til afgreiðslu tillögu um að ræktunardeild skuli lögð niður, skulu forsvarsmenn hennar fá tækifæri til að tjá sig um málið. Til þess að leggja niður ræktunardeild, þarf 2/3 hluta atkvæða á félagsfundi

Ákveðið var að senda póst á eigendur hunda sem tilheyra þessari deild, þeim kynnt ástandið og kannað hvort ekki fáið fólk til að vinna í stjórn.

**11. Tilkynning frá stjórn smáhundadeildar með tölvupósti 8. maí sl. A-2645**

**12. Erindi frá Elísu Ósk Skæringsdóttur vegna pörunar. Tölvupóstur 9. maí sl. A-2646**

**Úr starfsreglum ræktunarstjórna:**

**IV. Starfssvið ræktunarstjórna**

- Ræktunarstjórn er ráðgefandi aðili um allt er viðkemur ur ræktun, eðli og umhirðu viðkomandi hundakyns. Ennfremur ber ræktunarstjórn að fræða um sögu kynsins, heilbrigði og uppruna.
- Stefna ræktunarstjórnar skal vera að beina allri ræktun í þá átt að einstaklingar kynsins séu:
  - Andlega og líkamlega heilbrigðir.
  - Án erfðagalla.
  - Uppfylli kröfur ræktunarmarkmiðs kynsins um útlit og byggingu.
  - Uppfylli þær kröfur sem gerðar eru um vinnueiginleika kynsins

Skv. ofangreindu leggur formaður til að erindi Elísu Óskar verði vísað til ræktunarstjórnar ensk cocker spanieldeildar, sem kynni sér þessar nýju reglur og setji sérreglur við skráningu í ættbók fyrir tegundina ef þeir telja nauðsyn á því.

**13. Málþing um nýsamþykkt lög um dýravelferð**

Málþing um nýsamþykkt lög um dýravelferð fimmtudaginn 16. maí kl 13:30 – 16:15

Dagskrá

13:30 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra setur málþingið

13:40 Kristinn Hugason: Kynningarerindi um hin nýju lög, aðdraganda þeirra, megin inntak og tilgang

14:00 Sigurborg Daðadóttir: Breyttar áherslur í starfi að velferð dýra og nýtt hlutverk

Matvælastofnunnar

14:20 Fyrirspurnir til KH og SD

14:30 Kaffihlé

15:00 Bændasamtök Íslands, afstaða bænda til hinna nýju laga

15:15 Dýraverndarsamtök Íslands, afstaða dýravina til hinna nýju laga

15:30 Pallborðsumræður/fyrirspurnir

16:15 Ráðstefnuslit og léttar veitingar

Málþingið fer fram í Sjávarútvegshúsinu Skúlagötu 4 og eru allir velkomnir. Skráning á anr.is

## **Delia Howser frá stjórn og framkvæmdastjóri, Fríður Esther Pétursdóttir, sótti málþingið f.h. HRFÍ.**

Á síðasta lögjafarþingi voru samþykkt tvenn ný lög er snerta velferð dýra. Þetta eru annars vegar lög nr. 55/2013, um velferð dýra og hins vegar lög nr. 38/2013, um búfjárhald. Umrædd lög sem taka gildi frá og með 1. janúar 2014, koma í stað tveggja eldri laga, þ.e. laga nr. 15/1994, um dýravernd og laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. Lögin um velferð dýra eru heildarlög og taka til alls er snertir velferð dýra, hvort sem um er að ræða búfé, gæludýr eða villt dýr eftir því sem nánar er á kveðið í lögnum. Skipaðar hafa verið 7 nefndir til að semja nýjar reglugerðir og endurskoða gamlar og skulu þær skila af sér drögum fyrir 15. október n.k. Einn hópurinn fjallar um gæludýr og gáfu Guðmundur A. Guðmundsson og Herdís Hallmarsdóttir kost á sér til setu í nefndinni fyrir hönd HRFÍ og var Guðmundur skipaður aðalmaður en Herdís varamaður. Aðrir nefndarmenn eru:

Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir verður formaður hópsins til 1. ágúst 2013 að Þóra Jónasdóttir dýralæknir hefur störf hjá Mast.

Hanna María Arnórsdóttir, dýralæknir, tilnefnd af Dýraverndarsambandi Íslands.

Sandra Lyngdorf, lögfræðingur, tilnefnd af Dýrahjálpi Íslands.

Katrín Harðardóttir, dýralæknir, tilnefnd af Kattavinafélagi Íslands.

Nefndin hittist í fyrsta sinn þann 16. maí er haldinn var kynningarfundur um starfið framundan hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

### **14. Erindi frá stýrihópi skapgerðarmats HRFÍ A-2647**

Erindinu er hafnað.

### **15. Erindi frá Schäferdeild A-2648**

Erindinu er hafnað.

### **16. Vinnuhundadeild – nýjar hlýðnireglur A-2649**

#### **Tölvupóstur 2. maí:**

Málinu frestað.

### **17. Umsókn um deildarsýningu frá Siberian Husky deild. Tölvupóstur 26. apríl.**

#### **Starfsreglur ræktunardeilda – V. Deildarsýningar**

1. Ræktunardeildum er heimilt að halda deildarsýningar að fengnu leyfi stjórnar HRFÍ að fenginni umsögn sýningarstjórnar HRFÍ. Umsókn þarf að hafa borist stjórn HRFÍ eigi síðar en 6 mánuðum áður en sýning er fyrirhuguð. Leitast skal við að velja dómara sem býr yfir sérþekkingu á viðkomandi tegund (tegundum).

Þann 3. september 2012 sendi stjórn Siberian Husky deildar og Spítzhundadeild inn umsókn um deildarsýningu. Vegna ofangreinds ákvæðis í starfsreglum ræktunardeilda var samþykkt á stjórnarfundi þann 19. september sl. að óska eftir nákvæmari fjárhagsáætlun.

**Ekki samþykkt með vísan í 1. grein enda er hér um að ræða all breed show, ekki deildarsýningu.**

### **18. Reykjavík Winner meistarasýning HRFÍ og augnskoðun fer fram 25.-26. maí í**

#### **Klettagörðum.**

718 hreinræktaðir hundar af 80 hundategundum mæta í dóm á sýningunni. Fimm dómara frá fjórum löndum; Danmörku, Noregi, Lúxemborg og Svíþjóð dæma í fimm sýningarhringjum samtímis.

#### **Keppni ungra sýnenda**

Að þessu sinni taka 25 ungmenni þátt í keppninni föstudagskvöldið 24. maí kl.19:00. Dómari er Lena Stálhandske frá Svíþjóð.

#### **Augnskoðun**

Susanne Kaarlsholm frá Danmörku mun sjá um augnskoðun hunda á sýninginni. 102 hundar eru skráðir.

## **19. Stefnumótunardagur**

Á fulltrúaráðsfundi þann 10. apríl sl. kynnti Guðmundur A. Guðmundsson, varamaður í stjórn HRFÍ, vinnu stefnumótunarteymis. Þar fór hann yfir hvernig vinna teymisins byrjaði og helstu niðurstöður. Kynnti hann jafnframt um ákvörðun stjórnar að nýr stefnumótunardagur væri áætlaður þann 21. apríl með þátttöku a.m.k. tveggja aðila frá hverri deild. Aðeins 11 aðilar skráðu sig til þátttöku frá enn færri deildum. Ekki var talið ásættanlegt að fara í þessa vinnu með færri en 20 fulltrúum deilda.

Stefnan er því sett á haustið með von um að undirtektir verði betri.

## **20. Önnur mál**

**Sámur kom í hús sl. Föstudag og Penninn hefur jafnframt tekið blaðið í dreifingu til profu.**

**Fundi slitið kl. 19.00**

*Sign: Jóna Th. Viðarsdóttir, Björn Ólafsson, Delia Howser, Anna Flygenring, Ólafur E. Jóhannsson*